

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/45

frá 18. apríl 2011

um breytingu á ákvörðun 2009/766/EB um samræmingu á tíðnisviðunum 900 MHz og 1800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita samevrópska, rafræna fjarskiptapjónustu innan Bandalagsins

(tilkynnt með númeri C(2011) 2633)

(2011/251/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB 7. mars 2002 um regluramma um fjarskiptatíðniróf í Evrópubandalaginu (ákvörðun um fjarskiptatíðniróf) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/766/EB⁽²⁾ er einkum ætlað að samhæfa tæknileg skilyrði fyrir framboði og skilvirkri notkun á 900 MHz-tíðnisviðinu í samræmi við tilskipun 87/372/EBE frá 25. júní 1987 um tíðnisvið sem taka á frá fyrir samræmda opnun almenns Evrópufarsíma innan Bandalagsins⁽³⁾ og 1800 MHz-tíðnisviðinu fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptapjónustu.
- 2) Aðildarríki hafa fylgst með skilvirkri notkun 900 og 1800 MHz tíðnisviðanna með það fyrir augum að ná yfir viðbótartækni samhliða því að tryggja, með öllum tiltækum ráðum, tæknilegt samhæfi við alheimsfarsímakerfið (GSM-kerfið) og altæka farsímakerfið (UMTS-kerfi) sem skilgreind eru í tilskipun 87/372/EBE.
- 3) Þann 15. júní 2009 veitti framkvæmdastjórnin Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu umboð skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar nr. 676/2002/EB til að skilgreina tækniskilyrði til að heimila LTE-tækni og hugsanlega aðra tækni á 900 MHz og 1800 MHz tíðnisviðinu.
- 4) Svar Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu við starfsumboðinu er sett fram í 40. og 41. skýrslu þeirra. Í þessum skýrslum er komist að þeirri niðurstöðu að innleiða megi LTE- og WiMAX-kerfi (Rekstrarsamhæfi

á heimsvísu fyrir örbylgjuaðgang) á 900 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum þannig að viðeigandi gildi séu notuð fyrir fjarlægðina milli rásamarka viðkomandi burðarbylgna.

- 5) Að því er varðar samhliða rekstur UMTS-, LTE- og WiMAX-kerfa og flugtækni kerfa fyrir ofan 960 MHz, er að finna upplýsingar og ráðleggingar í 41. og 42. skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna um hvernig draga eigi úr truflunum.
- 6) Niðurstöður vinnunnar sem unnin var samkvæmt starfsumboðinu sem Samtökum póst- og fjarskiptastjórna var veitt skal beitt í Sambandinu og skylda ætti aðildarríkin til að hrinda henni í framkvæmd eins fljótt og unnt er vegna aukinnar eftirspurnar á markaði eftir innleiðingu LTE- og WiMAX-kerfa á þessu tíðnisviðum. Að auki skulu aðildarríkin tryggja að UMTS-, LTE- og WiMAX-kerfi veiti kerfum sem þegar eru fyrir hendi á aðliggjandi sviðum viðeigandi vernd.
- 7) Fjarskiptastaðloftöfnun Evrópu (ETSI) er að ganga frá samræmdum stöðlum EN 301908-21 og 301908-22 til að veita fyrirframætlað samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra⁽⁴⁾.
- 8) Því ber að breyta viðaukanum við ákvörðun 2009/766/EB til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr:

Í stað viðaukans við ákvörðun 2009/766/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 106, 27.4.2011, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 25.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 196, 17.7.1987, bls. 85.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

varaforseti.

VIDAUKI

„VIDAUKI

SKRÁ YFIR LANDSTÖÐVAKERFI SEM UM GETUR Í 3. GR. OG 2. MGR. 4. GR.

Beita skal eftirfarandi tæknilegum breytum sem mikilvægum hluta af nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að aðliggjandi kerfi geti verið til staðar samhliða þar sem ekki eru til tvíhliða eða marghliða samningar, án þess að útiloka tæknilegar breytur sem ekki eru jafn strangar, ef stjórnendur slíkra kerfa samþykkja slíkt sín á milli.

Kerfi	Tæknilegar breytur	Framkvæmdarfrestur
Altæka farsímakerfið (UMTS) í samræmi við UMTS-staðla, eins og þeir eru birtir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, einkum EN 301908-1, EN 301908 908-2, EN 301908-3 og EN 301908-11.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Fjarlægð milli burðarbylgna sem nemur 5 MHz eða meira milli tveggja nærliggjandi UMTS-kerfa. 2. Fjarlægð milli burðarbylgna sem nemur 2,8 MHz eða meira milli nærliggjandi UMTS-kerfis og GSM kerfis. 	9. maí 2010
LTE í samræmi við LTE-staðla, eins og þeir eru birtir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, einkum EN 301908-1, EN 301908 908-13, EN 301908-14 og EN 301908-11.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Fjarlægð milli tíðna sem nemur 200 kHz eða meira á milli LTE-rásamarka og rásamarka burðarbylgna GSM-kerfisins þegar um er að ræða aðliggjandi LTE- og GSM-kerfi. 2. Ekki er gerð krafa um fjarlægð milli tíðna á milli LTE-rásamarka og rásamarka burðarbylgna UMTS-kerfisins þegar um er að ræða aðliggjandi LTE- og UMTS-kerfi. 3. Ekki er gerð krafa um fjarlægð á milli tíðna á milli marka LTE-rása þegar um er að ræða tvö aðliggjandi LTE-kerfi. 	31. desember 2011
WiMAX í samræmi við WiMAX-staðla, eins og þeir eru birtir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, einkum EN 301908-1, EN 301908-21 og EN 301908-22	<ol style="list-style-type: none"> 1. Fjarlægð milli tíðna sem nemur 200 kHz eða meira á milli WiMAX-rásamarka og rásamarka burðarbylgna GSM-kerfisins þegar um er að ræða aðliggjandi Wi-MAX- og GSM-kerfi. 2. Ekki er gerð krafa um fjarlægð á milli tíðna á milli WiMAX-rásamarka og rásamarka burðarbylgna UMTS-kerfis þegar um er að ræða aðliggjandi WiMAX- og UMTS-kerfi. 3. Ekki er gerð krafa um fjarlægð á milli rása á milli WiMAX-rásamarka þegar um er að ræða tvö aðliggjandi WiMAX-kerfi. 	31. desember 2011 ⁴⁴